


Hafnarfirði 25.09.2015

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	29/9 2015
Málsnr:	1509732
Bréfát:	042.1

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar

Haraldur L. Haraldsson

Bæjarstjóri

Háttvirt bæjarstjórn

Skólastjórnendur hafa verið sammingslausir síðan 1. júní 2015. Skólastjórnendur í Hafnarfirði eru mjög ósáttir við og lýsa bæði furðu og óánægju með hve samningaviðræður hafa dregist á langinn. Álag, ábyrgð og umfang starfa stjórnenda í grunnskólum hefur aukist jafnt og þétt á undanförunum árum. Þar að auki hefur með nýju vinnumati grunnskólakennara álag á stjórnendur aukist umtalsvert enda vinna við það hrein viðbót við önnur störf.


Skólastjórnendur gera þá kröfu að hækkun launa skólastjórnenda verði í samræmi við ábyrgð, álag og umfang starfsins. Þær hækkanir geta ekki verið minni en þær prósentuhækkanir sem Samband íslenskra sveitarfélaga samdi um við Félag grunnskólakennara.

Skólastjórar grunnskólanna í Hafnarfirði skora á bæjaryfirvöld að bregðast við strax og beita sér fyrir því að samið verði hið fyrsta.


Haraldur Haraldsson
Lækjarskóla



Hrönn Bergþórsdóttir
Viðistaðaskóla


Kristinn Guðlaugsson
Hvaleyrarskóla


Lars J.I. Hilmarsson
Hraunvallaskóla


Leifur S. Garðarsson
Áslandsskóla


María Pálmadóttir
Setbergsskóla


Valdimar Víðisson
Öldutúnsskóla

Afrit: Magnús Baldursson, sviðsstjóri fræðsluviðs